

**Sp.**

**382. Fyrirspurn**

[218. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagningu olíu.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver hefur verið þróun olíuverðs á heimsmarkaði (Rotterdam) síðustu 12 mánuði, og hvernig er útlitið á verðlagningu olíu á næstu árum að mati alþjóðlegra stofnana?
2. Hvenær kemur lækkun fram í verði til neytenda hér á landi þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði, og hver er ástæðan fyrir því, að slík lækkun hefur ekki átt sér stað til neytenda hér?